

Vinnsla á Hellisheiði og í Hverahlíð, vermi og niðurdæling eftir losunarleiðum

Vinnsla í Hverahlíð (milljónir tonna á ári) árið 2016 til 2018, vinnsla á Hellisheiði (milljónir tonna á ári) árið 2007 til 2018, vermi (kJ/kg) ásamt niðurdælingu (milljónir tonna á ári) eftir losunarleiðum.

Bláir litir sýna magn jarðhitavatns (milljónir tonna á ári) sem dælt var niður innan svæðis í vinnsluholur sem ekki nýtast til gufuvinnslu (dreifð niðurdæling), í niðurdælingarholur við Gráuhnúka og Húsmúla og í borholur við Þrengsli. Rauði ferillinn sýnir vegið meðalvermi jarðhitavökvans (kJ/kg) árið 2008 til 2017 en vermi er mælikvarði á orkunnihald jarðhitavökvans. Vermi hækkaði árið 2009 í kjölfar þess að hávermisholur voru tengdar inn á gufuveitu virkjunarinnar um mitt ár 2008 og aftur árið 2016 með tilkomu gufu frá Hverahlíð. Græni ferillinn sýnir vermi jarðhitavökvans í Hverahlíð sem hækkaði verulega árið 2018 með tilkomu aukinnar gufu þaðan. Neðri myndin sýnir hlutfall niðurdælingar og vinnslu, þ.e. massajafnvægi kerfisins. Árið 2018 var rúmlega 70% af unnum vökva dælt aftur niður í kerfið.

